

LÍFEYRISSJÓÐUR BANKAMANNA HLUTFALLSDEILD

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2011

2012-03-07

TBG ehf.

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Grensásvegi 7– 109 Reykjavík

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna í lok árs 2011 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 5. greinar samþykktar sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði I. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu sjóðsins í lok árs 2010.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna veitir réttindi í samtryggingu. Samþykktum deildarinnar var síðast breytt á árinu 2011. Breytingarnar voru ekki taldar valda breytingu á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalda sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalda sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athuginina eru :

- Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega
- Lífslíkur sjóðfélaga og réttihafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2004-2008
- Örorkulíkur sjóðfélaga : 60% af reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002,

Forsendur eru hinar sömu og við síðustu athugun.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2011 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 38.948,1 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 41.304,1 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -2.356,0 milljónir, eða -5,7% af skuldbindingum.

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í I.129/1997 en þar eru hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfelt í fimm ár, en skuldbindingar voru 3,0% umfram eignir í lok árs 2008.

Vikmörkum I.129/1997 hefur með bráðabirgðaákvæðum verið breytt í 15% fyrir tryggingafræðilegar athuganir áráanna 2008 til 2011 frá þeim 10% sem almennt gilda fyrir stöðu á einstöku ári og 10% fyrir samfelldan mun í fimm ár.

Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykpta er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

Eignir sjóðsins að frádregnu mati á fjárfestingarkostnaði og án verðmætis iðgjalda reiknast 36.677,4 milljónir og áfallnar skuldbindingar 38.227,4 milljónir, og mismunur því -1.550,0 milljónir eða -4,1%. Lög kveða ekki sérstaklega á um vikmörk áfallinna skuldbindinga og eigna og ekki heldur samþykktir Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna enda er vegna réttindakerfis sjóðsins þrengra skilyrði að miða við heildarskuldbindingar.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiri óvissuþáttum áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

HLUTFALLSDEILD LÍFEYRISSJÓÐS BANKAMANNA

Lífeyrissjóður bankamanna hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1.janúar breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild (nú Aldursdeild). Hlutfallsdeild er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum en varðveitir hluta af réttindum sjóðfélaga sem áunnin eru fyrir lok árs 1997. Sjóðfélagar ELS áttu við lok árs 1997 val um hvort þeir flyttu áunninn rétt sinn og réttindaöflun til framtíðar yfir í Stigadeild sjóðsins eða greiddu til Hlutfallsdeildar, en deildin tekur eins og áður sagði ekki við nýjum sjóðfélögum. Fram til loka árs 1997 ábyrgðust aðildarstofnanir Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans skuldbindingar sjóðsins en sú bakábyrgð var felld niður við lok árs 1997. Samhliða því greiddu aðildarfyrirtæki til sjóðsins það sem samkvæmt tryggingafræðilegu mati þurfti til að eignir sjóðsins nægðu fyrir skuldbindingum. Með sérstöku samkomulagi aðildarstofnana við sjóðinn árið 2006 var greitt til sjóðsins viðbótarframlag vegna breytinga sem orðið höfðu á forsendum sem lagðar voru til grundvallar við matið 1997.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu stærðir úr rekstrar- og efnahagsreikningi sjóðsins undanfarin ár. Greiðslu lífeyris hafa farið ört vaxandi. Er það annars vegar vegna mikillar hækkunar vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og svo einnig vegna fjölgunar lífeyrisþega.

Tafla I. Upplýsingar um rekstur- fjárhæðir í milljónum						
Ár	Iðgjöld	Fjármagns	Rekstrar	Nafn	Lífeyrir	Eign
		tekjur	kostnaður	ávöxtun		Árslok
2006	341,5	2.863,0	46,2	13,34%	871,0	24.739,1
2007	337,3	1.928,5	64,9	7,91%	979,3	25.968,3
2008	349,2	3.752,4	28,4	14,68%	1.130,2	28.909,0
2009	336,1	3.438,7	39,5	12,12%	1.364,8	31.277,7
2010	318,4	2.300,5	33,9	7,51%	1.551,1	32.323,9
2011	321,1	3.300,2	72,3	10,41%	1.734,6	34.152,4

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktá sem staðfestar voru af fjármálaráðuneytinu 15. desember 2011.

Réttindaákvæði deildarinnar eru í megin atriðum óbreytt frá því sem var við breytingu samþykktá við lok árs 1997.

Lífeyrisréttindi sem hlutfallsdeild veitir eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi því er veitt hefur honum aðild að sjóðnum og örorka er metin amk. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi

lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris. Sjóðfélagar sem náð hafa samanlögðum aldri og starfsaldri sem er 95 ár geta látið af störfum fyrir 65 ára aldur, en þó ekki fyrir 60 ára aldur.

Lífeyrisréttindi eru reiknuð sem hlutfall viðmiðunarlauna, sem fyrir þá sem látið hafa af störfum eftir árslok 1997 eru meðaltal launa síðustu fimm ára fyrir starfslok, verðtryggt með vísitölu neysluverðs til töku lífeyris eða meðaltal launa til starfsloka frá árslokum 1997 ef sá tími er skemmri en fimm ár.

Viðmiðunarlaun þeirra sem létu af störfum fyrir árslok 1997 og ekki höfðu byrjað töku lífeyris í lok árs 1997 eru miðuð við laun eftirmanns í lok árs 1997 verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim tíma.

Starfsmenn sem ekki hafa náð tilteknum lágmarksstarfstíma öðlast rétt til endurgreiðslu eigin iðgjalda með viðmiðunarvöxtum sem stjórn sjóðsins ákveður en eiga ekki lífeyrisrétt.

Ofangreind samantekt um reglugerðarákvæði er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til 3. og 4. greina samþykktu um aðild að sjóðnum, 10 - 16. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, og til 9. greinar um iðgjaldagreiðslur.

GÖGN

Helstu gögn sem stuðst hefur verið við eru:

1) Upplýsingar um einstaka lífeyrisþega og greiðslur til þeirra í desember 2011.

2) Fyrir aðra sjóðfélaga hlutfallsdeildar var fengin skrá um öflun lífeyrisréttinda á hverju ári. Fyrir sjóðfélaga sem látið höfðu af störfum fyrir lok árs 1997 og eiga rétt til lífeyris hafa fengist upplýsingar frá aðildarstofnunum um viðmiðunarlaun í lok þess árs, sem síðan taka breytingum með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Fyrir sjóðfélaga sem látið hafa af störfum síðan er miðað við meðallaun frá lokum árs 1997 til starfsloka eða meðallaun síðustu fimm starfsára, reiknuð út frá iðgjaldagreiðslum, og uppfærð til verðlags í lok árs 2011.

Fyrir alla sjóðfélaga fengust upplýsingar um fæðingarár og mánuð og kyn.

Gagna þessara var aflað af starfsmönnum sjóðsins úr réttindabókhalda lífeyrissjóðsins og launakerfum.

Þá fengust á skrifstofu sjóðsins upplýsingar um orlofsgreiðslur sem ætlað er fyrir sérstaklega í hlutfallsdeild.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabíla 2012 og síðar sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á árinu 2012 og ekki hafa byrjað töku lífeyris muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar.

Úr ársreikningum sjóðsins fengust upplýsingar um kostnað við rekstur síðastliðin þrjú ár og auk þess um eignastöðu sjóðsins og úr verðbréfakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði.

Iðgjaldagreiðslur ársins 2011 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2011 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við gerð tryggingastærðfræðilegra athugana og jafnframt töflur um hjúskapar og barneignalíkur.

Staðalforsendur um lífs- giftingar- og örorkulíkur eru skv. reiknigrunni sem gefinn hefur verið út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Notaðar eru íslenskar dánar- og eftirlífendatöflur byggðar á innlendri reynslu, giftingarlíkur og meðalaldur maka og tölur um fjölda barna eru byggðar á upplýsingum úr þjóðskrá. Við tryggingafræðilega athugun 2011 eru notaðar íslenskar dánar- og eftirlífendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á reynslu árána 2004-2008. Við mat á skuldbindingum varðandi örorku er miðað við meðaltal reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002.

Um öll þessi atriði er í athugun þessa árs fylgt staðalforsendum nema hvað varðar örorkuforsendur en þar hefur verið notuð 40% lækkun á örorkutíðni vegna góðrar örorkureynslu í sjóðnum.

Staðalaðferð reglugerðar 391/1998 um mat á kostnaði er að leggja til grundvallar meðaltal rekstrarkostnaðar síðustu þriggja ára, uppfærðum til verðlags í lok úttektarárs. Sérstakt samkomulag hefur verið gert við aðildarstofnanir um viðbótar framlög til rekstrar deildarinnar, og varð það virkt á árinu 2011. Er við mat á rekstrarkostnaði til framtíðar miðað við nettó kostnað sjóðsins 2009 til 2011, uppfærðum til verðlags í lok ársins, að teknu tilliti til þessa framlags. Dregin er frá rekstrarkostnaði gjaldfærsla vegna sérstaks framlags lífeyrissjóða til fjármögnunar tímabundinna vaxtabóta, enda hefur verið samið um milli samtaka lífeyrissjóða og stjórnvalda að ekki verði framhald á þessari gjaldtöku. Rekstrarkostnaði deildarinnar er síðan skipt milli áfallinna og heildarskuldbindinga í hlutfalli við skuldbindingar og iðgjöld.

Þá er gert ráð fyrir 3,5% ávöxtunarforsendu og í hlutfallsdeild þar sem lífeyrisskuldbindingar fylgja launabróun sjóðfélaga á starfstímanum er gert ráð fyrir 0,5% árlegri hækkun launa og auk þess aldursbundnum launahækkunum.

Fyrir starfstíma sjóðfélaga er þannig notað heimildarákvæði í 19. gr. rg. 391/1998.

Skuldbindingar eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir er athugun fór fram.

Virkir sjóðfélagar í hlutfallsdeild eru skilgreindir sem þeir einstaklingar sem greiddu til sjóðsins í lok ársins, en deildinni hefur verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

Samanlagt eru áfallnar- og framtíðarskuldbindingar heildarskuldbinding sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna.

Við mat áfallinna skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2011. Fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt samþykktum sjóðsins miðað við þegar áunnin réttindi. Þegar heildarskuldbinding er reiknuð er miðað við allir sem taldir eru til virkra sjóðfélaga verði það áfram þar til starfi lýkur vegna aldurs, örorku eða andláts.

Áfallin skuldbinding fyrir virka sjóðfélaga er reiknuð eftir viðmiðunarlaunum lífeyris eins og þau voru við lok árs 2011 hjá hverjum virkum sjóðfélaga, þ.e. verðbætt meðallaun síðustu fimm ára.

Lífeyrisaldur er settur 67 ár fyrir virka sjóðfélaga, og 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi.

Metin er sérstaklega skuldbinding vegna svokallaðrar 95 ára reglu í hlutfallsdeild. Er reiknuð hækkun heildar skuldbindinga og lækkun iðgjalda sem hljótast myndi af því að allir sem kost eiga á að nýta sér 95 ára reglu myndu gera það í stað þess að láta af störfum 67 ára. Skuldbinding sjóðsins fyrir starfandi sjóðfélaga vegna þessarar reglu er talin fjórðungur af þannig reiknaðri fjárhæð. Er það í samræmi við þá aðferð sem notuð var er aðildarstofnanir gerðu upp skuldbindingar sínar við sjóðinn samkvæmt eldri reglugerð. Skuldbindingunni er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við starfstíma fram til að 95-ára aldursmarki er náð.

Við mat á skuldbindingum vegna endurgreiðslu iðgjalda skv. eldri reglugerðum er gert ráð fyrir að endurgreiðsla miðist við ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma og iðgjaldshluta sjóðfélaga.

NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda.

Tafla II. Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar 2011 – fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	34.152,4		34.152,4
Endurmat:	2.801,0		2.801,0
Fjárfestingagjöld:	-276,0		-276,0
Iðgjöld:		2.270,7	2.270,7
Samtals:	36.677,4	2.270,7	38.948,1
Skuldbindingar			
Eftirlaunalífeyrir:	31.350,4	2.619,8	33.970,2
Örorkulífeyrir:	1.081,2	102,1	1.183,3
Makalífeyrir:	5.245,8	276,9	5.522,7
Barnalífeyrir:	29,4	5,7	35,1
Kostnaður:	520,6	72,2	592,8
Samtals:	38.227,4	3.076,7	41.304,1
Mismunur:	-1.550,0	-806,0	-2.356,0
Hlutf. af skuldb.	-4,1%	-26,2%	-5,7%

Með makalífeyri eru taldar dánarbætur og kostnaður vegna 95 ára reglu með eftirlaunaskuldbindingu.

Munur milli eignaliða og heildarskuldbindinga lífeyrissjóða má samkvæmt ákvæðum l. 129/1997 ekki reiknast yfir 5% samfellt í fimm ár, eða 10% í eitt ár, mælt sem hlutfall af skuldbindingum. Til bráðabirgða hefur þessum mörkum verið breytt í 10% og 15%. Mismunur eignir og skuldbindinga í lok 2008 var innan við 5% og uppfyllir því sjóðurinn skilyrði l. 129/1997 um tryggingafræðilega stöðu í lok árs 2011.

Staða deildarinnar batnar lítillega á liðnu ári. Ástæða þess er einkum hagstæð útkoma á mati lífeyrisskuldbindinga. Launaþróun hefur undanfarin ár verið deildinni hagstæð og var svo áfram á liðnu ári. Viðmiðun eftirlauna við verðbætt meðaltal fimm ára hefur svo leitt til þess að viðmiðun eftirlauna er nú í mörgum tilvikum hærri en lokalaun sjóðfélaga.

SAMANBURÐUR REYNSLU VIÐ REIKNIFORSENDUR

Þær reikniforsendur sem mestu ráða um mat skuldbindinga eru vextir, lífs- og örorkulíkur og rekstrarkostnaður.

Ávöxtun

Vaxtaforsendur eiga við langa framtíð og verður því að varast að draga of sterkar ályktanir af reynslu stutts tímabils. Þá er þess að gæta að eignamati í tryggingafræðilegri athugun er breytt frá því sem gefið er upp í ársreikningi, því ávöxtun umfram 3,5% er að hluta reiknuð inn til framtíðar og eignir á markaði með breytilegar tekjur reiknaðar á meðalverði þriggja mánaða. Ávöxtun sem lesa má út úr ársreikningi er því sjaldnast sambærileg við þá ávöxtun sem kemur fram við skoðun á tryggingafræðilegum athugunum.

Ef borin er saman endurmetin eign sjóðsins 2010 og 2011 að teknu tilliti til innborgaðra iðgjalda og greidds lífeyris og kostnaðar á árinu 2011 fæst reiknuð raunávöxtun m.v. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og endurmetna eign sem er 3,54%, lítillega yfir því sem gert er ráð fyrir í forsendum.

Lífslíkur

Áætlaður eða væntur fjöldi dauðsfalla miðað við lífslíkur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun 2011 er reiknaður miðað við meðalfjölda sjóðfélaga 2011. Til samanburðar er sýndur raunverulegur fjöldi dauðsfalla árið 2011 eftir stöðu sjóðfélaga og réttihafa :

Áætlaður fjöldi dauðsfalla 2011						
	Óvirkir	Virkir	Ellil.þegar	Öryrkjar	Makal.þegar	
Væntur fjöldi	3,0	1,7	18,6	0,3	5,4	
Andlát 2011	3	1	12	0	4	

Dauðsföll hafa þannig verið nokkru færri meðal sjóðfélaga og réttihafa í Hlutfallsdeild 2011 en áætlað er fyrir í reikniforsendum. Hópurinn er fámennur og því geta verið töluverðar sveiflur frá meðaltali á einstökum árum.

Örorkulíkur

Í reiknilíkani sem notað er fyrir mat á örorkuskuldbindingum íslenskra lífeyrissjóða er ekki gert ráð fyrir endurhæfingu öryrkja. Hér er reiknaður væntur fjöldi nýrra örorkutilvika miðað við meðalfjölda sjóðfélaga 2011. Ekki er gert ráð fyrir endurhæfingu öryrkja í reiknilíkani. Til samanburðar er sýndur raunverulegur fjöldi einstaklinga sem byrjaði að fá greiddan örorkulífeyri árið 2011 og fjöldi þeirra sem hætti á örorkugreiðslum.

Áætluð breyting á fjölda öryrkja					
	Óvirkir	Virkir	Greiðslu hætt	Andlát	Breyting
Væntur fjöldi	4,9	2,9	0,0	0,3	8,1
Reynd 2011	9,0	2,0	2,0	0,0	9,0

Á árinu 2011 hefur því öryrkjum fjölgað svipað og reikniforsendur gera ráð fyrir. Útreikningur á áætluðum fjölda nýrra tilvika byggir að vísu á tilvikum sem eigi upphaf sitt á almanaksárin 2011, en breyting á fjölda öryrkja 2011, bæði nýjar greiðslur og brotfall, er breyting á fjölda þeirra á árinu, óháð því hvenær orkutap varð, en oft líður nokkur tími frá því að orkutap verður og þar til viðkomandi einstaklingur fær greiddan örorkulífeyri frá lífeyrissjóði. Fyrir lífeyrissjóð þar sem fjöldi sjóðfélaga breytist ekki mikið ár frá ári verður þó að ætla að þessar stærðir séu vel sambærilegar. Eins og varðandi lífslíkur er þess hér að gæta að hópurinn er lítill og því ekki hægt að draga miklar ályktanir af fráviki frá meðaltali sem fram kemur eitt ár.

FRÁVIK FRÁ ÁÆTLAÐRI STÖÐU

Miðað við innborganir iðgjalda og útgreiðslu lífeyris og kostnaðar á árinu 2011 má áætla eftirfarandi stöðu við lok árs 2011 ef 3,5% raunávöxtun hefði náðst að teknu tilliti til endurmats og allar reikniforsendur aðrar hefðu staðist, sjá einnig fylgiskjal 7:

Tafla III. Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar 2011 – fjárhæðir í milljónum			
Framreikningur á stöðu 2010 til ársloka 2011			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir: + endurmat	36.986,1		36.986,1
Fjárfestingagjöld:	-221,3		-221,3
Iðgjöld:		2.758,5	2.758,5
Samtals:	36.764,8	2.758,5	39.523,3
Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Heildar
Ellilífeyrir:	31.547,4	3.134,0	34.681,4
Örorkulífeyrir:	1.075,9	137,4	1.213,3
Makalífeyrir	5.323,3	357,3	5.680,6
Barnalífeyrir:	35,6	6,5	42,1
Kostnaður:	403,1	67,8	470,9
Samtals:	38.385,3	3.703,0	42.088,3
Mismunur:	-1.620,5	-944,5	-2.565,0
Hlutf. af skuldb.	-4,2%	-25,5%	-6,1%

Staða sjóðsins eins og hún er reiknuð í tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2011 (tafla II) er nálægt þessari áætlun, en heildarstaða sjóðsins er 0,4 prósentu stigum betri en gera hefði mátt ráð fyrir.

Greining á áhrifum frávika frá áætlun á stöðu sjóðsins er að finna í eftirfarandi töflu. Þau frávik frá áætlun sem eru til þess að bæta stöðu sjóðsins eru skráð sem plús tölur, en það sem hefur leitt til verri niðurstöðu en búist var við er skráð sem mínus.

Tafla IV. Frávik frá áætlaðri stöðu
– fjárhæðir í milljónum

	Áunnið	Framtíð	Heildar
Ávöxtun hærrí en fors.	14		14
Fjárf.gjöld	-55		-55
Rekstrarkostn	-118	-4	-122
Annað	230	142	372
Samtals	71	138	209

Ávöxtun er því aðeins betri en 3,5% viðmiðun á árinu en nokkur hækkun er á mati kostnaðar. Má rekja stóran hluta þess til mála sem tengjast hrúni á fjármálamörkuðum 2008 og vonast má til að ekki verði áframhald á þeim útgjöldum, en ekki reyndist unnt að aðgreina þann kostnað frá reglulegum útgjöldum, þannig að mat á þeim kostnaði reiknast til framtíðar. Jákvæð þróun á því sem kallað er „Annað“ og er breyting lífeyrisskuldbindinga milli ára. Má væntanlega að stærstum hluta rekja það til hagstæðrar launaþróunar undangengin ár, þar sem laun eru í mörgum tilvikum að hækka minna en forsendur gera ráð fyrir.

JAFNVÆGI EIGNA OG SKULDBINDINGA

Eins og áður sagði er sjóðnum ekki skylt samkvæmt ákvæðum laga eða eigin samþykktu að grípa til aðgerða vegna stöðu eigna og skuldbindinga. Þegar til lengri tíma er lítið er þó gert ráð fyrir að eignir lífeyrissjóðs að viðbættu verðmæti iðgjalda dugi til að standa undir skuldbindingum.

Ná má jafnvægi eigna og heildarskuldbindinga með að lækka (skerða) áunnin réttindi miðað við lok 2011 um 6,5%.

RÉTTUR TIL SNEMMTÖKU LÍFEYRIS

Almennur eftirlaunaaldur í Hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna er 65 ár. Sjóðfélagar geta einnig flýtt töku lífeyris gegn því að lækka réttindahlutfall sitt, allt fram til 60 ára aldurs svo sem venja er til í almennum lífeyrissjóðum. Í hlutfallsdeild gildir einnig sérstök regla fyrir þá sjóðfélaga sem eiga að baki langan starfsaldur. Hafi sjóðfélagi náð 60 ára aldri, og samanlagður aldur og starfsaldur er 95 ár getur sjóðfélagi látið af störfum og hafið töku lífeyris. Af þeim sjóðfélögum sem enn eru í starfi er hátt hlutfall sem rétt hefur til þessarar reglu svo sem fram kemur í meðfylgjandi töflu. Í tryggingafræðilegri athugun sjóðsins hefur jafnan verið gert ráð fyrir að aðeins 25% af þeim sem á hverjum tíma eiga kost á að flýta töku lífeyris eftir þessari reglu muni gera það.

Tafla V			
Hlutfall virkra sjóðfélaga 2010 sem mun ná 95 ára reglu			
Aldur	Karl	Kona	Alls
<50	86%	94%	93%
50-60	92%	89%	89%
60-70	73%	48%	56%
	80%	76%	77%

Næsta tafla sýnir svo um hversu mörg ár sömu sjóðfélagar geta flýtt töku lífeyris frá 65 ára aldri að meðaltali.

Tafla VI			
Meðalfjöldi ára fyrir 65 við nýtingu 95 ára reglu			
Aldur	Karl	Kona	Alls
<50	3,9	4,6	4,5
50-60	4,1	3,7	3,8
60-70	2,6	1,4	1,8
	3,3	3,1	3,1

FYLGISKJÖL

1. Óvirkir sjóðfélagar, fjöldi og áunnin réttindi eftir aldri og kyni
2. Virkir sjóðfélagar, fjöldi, áunnin réttindi og iðgjöld eftir aldri og kyni
3. Lífeyrisþegar
4. Endurmat, áætluð iðgjöld
5. Tryggingafræðileg staða 2011
6. Tryggingafræðileg staða 2011 reiknuð með staðalforsendum
7. Samanburður við stöðu árið 2010
8. Aldursdreifing virkra sjóðfélaga 2011
9. Meðallaun sem greitt var af 2011

Fylgiskjal 1 - Lífeyrissjóður bankamanna - Hlutfallsdeild - tryggingafræðileg athugun 2011

Yfirlit um réttindi sjóðfélaga - óvirkir sjóðfélagar

Fjöldi, meðalaldur og áunnin lífeyrisréttindi

Aldur		Karlar	Konur	Alls
30-	Fjöldi	30	66	96
	M.aldur	37,30	37,44	37,40
	Meðal lífeyrisr., ár	108.651	92.639	97.643
40-	Fjöldi	157	488	645
	M.aldur	44,78	44,83	44,82
	Meðal lífeyrisr., ár	273.663	219.788	232.901
50-	Fjöldi	79	257	336
	M.aldur	54,20	54,23	54,22
	Meðal lífeyrisr., ár	1.014.357	561.998	668.357
60-	Fjöldi	31	86	117
	M.aldur	61,74	62,16	62,05
	Meðal lífeyrisr., ár	1.260.889	789.799	914.618
67-	Fjöldi	9	28	37
	M.aldur	71,00	66,68	67,73
	Meðal lífeyrisr., ár	779.641	503.956	571.014
Fjöldi		306	925	1.231
Meðalaldur		48,97	49,19	49,13
Meðal lífeyrisr., ár		563.605	367.392	416.166

2010

Fjöldi	309	940	1.249
Meðalaldur	48,23	48,38	48,34
Meðal lífeyrisr., ár	571.821	372.069	421.487

Fylgiskjal 2 - Lífeyrissjóður bankamanna - Hlutfallsdeild - tryggingafræðileg athugun 2011

Yfirlit um réttindi sjóðfélaga - virkir sjóðfélagar

Fjöldi, meðalaldur, áunnin lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur árið 2011

Aldur		Karlar	Konur	Alls
30-	Fjöldi		1	1
	M.aldur		37,00	37,00
	Meðal lífeyrisr., ár		1.393.424	1.393.424
	Meðal laun 2011		4.291.524	4.291.524
40-	Fjöldi	4	34	38
	M.aldur	45,25	46,88	46,71
	Meðal lífeyrisr., ár	2.782.564	2.166.022	2.230.922
	Meðal laun 2011	6.234.554	4.846.554	4.992.659
50-	Fjöldi	30	155	185
	M.aldur	55,17	55,10	55,11
	Meðal lífeyrisr., ár	3.976.647	2.562.637	2.791.936
	Meðal laun 2011	6.576.367	4.483.694	4.823.046
60-	Fjöldi	38	99	137
	M.aldur	61,92	62,80	62,55
	Meðal lífeyrisr., ár	4.417.707	2.524.898	3.049.911
	Meðal laun 2011	6.185.218	4.409.723	4.902.196
67-	Fjöldi	7	6	13
	M.aldur	67,14	67,67	67,38
	Meðal lífeyrisr., ár	2.857.236	2.865.104	2.860.867
	Meðal laun 2011	4.726.277	4.538.466	4.639.595
Fjöldi		79	295	374
Meðalaldur		58,97	56,93	57,36
Meðal lífeyrisréttur, ár		4.029.154	2.506.449	2.828.090
Meðal laun 2011		6.206.980	4.501.153	4.861.475

2010

Fjöldi	97	309	406
Meðalaldur	58,97	56,19	56,85
Meðal lífeyrisréttur, ár	4.048.856	2.344.241	2.751.501
Meðal laun 2008	6.297.221	4.287.506	4.767.660

Fylgiskjal 3 - Lífeyrissjóður bankamanna - Hlutfallsdeild - tryggingafræðileg athugun 2011

Yfirlit um lífeyrisþega

Lok 2011

Áunnin lífeyrisréttindi		Karlar	Konur	Alls
Eftirlauna- lífeyrir	Fjöldi	248	324	572
	Meðalaldur	74,61	72,45	73,39
	Meðallífeyrir, ár	3.359.426	1.836.889	2.497.010
Örorku- lífeyrir	Fjöldi	13	72	85
	Meðalaldur	55,92	55,82	55,84
	Meðallífeyrir, ár	2.056.313	1.193.554	1.325.506
Maka- lífeyrir	Fjöldi	32	95	127
	Meðalaldur	68,50	76,55	74,52
	Meðallífeyrir, ár	756.228	1.720.382	1.477.445
Barna- lífeyrir	Fjöldi		5	5
	Meðalaldur		14,60	14,60
	Meðallífeyrir, ár		129.936	129.936

2010

Áunnin lífeyrisréttindi		Karlar	Konur	Alls
Eftirlauna- lífeyrir	Fjöldi	232	305	537
	Meðalaldur	74,55	72,13	73,18
	Meðallífeyrir, ár	3.198.689	1.705.992	2.350.881
Örorku- lífeyrir	Fjöldi	16	68	84
	Meðalaldur	55,44	55,87	55,79
	Meðallífeyrir, ár	1.648.756	1.091.854	1.197.931
Maka- lífeyrir	Fjöldi	31	95	126
	Meðalaldur	67,84	76,51	74,37
	Meðallífeyrir, ár	735.065	1.573.086	1.366.907
Barna- lífeyrir	Fjöldi	1	7	8
	Meðalaldur	15,00	15,29	15,25
	Meðallífeyrir, ár	129.936	129.936	129.936

Fylgiskjal 4 - Lífeyrissjóður bankamanna - Hlutfallsdeild - tryggingafræðileg athugun 2011

Viðbót vegna áætlunar á óskráðum iðgjöldum.

Áfallnar skuldbindingar eru reiknaðar miðað við meðallaun síðustu fimm ára, verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til verðlags í janúar 2011.

Iðgjöld til framtíðar eru áætluð sem það sem hærra er, meðaltal síðustu fimm ára, verðtryggt með vísitölu neysluverðs til janúar eða iðgjald síðasta árs verðtryggt til janúar að viðbættu 0,5% hækkun. Gert er ráð fyrir 0,5% árelegri hækkun fram að töku lífeyris.

Endurmat á skuldabréfum Hlutfallsdeildar lífeyrissjóðs bankamanna

Fjárhæðir í milljónum

	Bókfært verð	Endurmetið	Mism	Breyting
Skuldabréf, önnur fjármálafyrirtæki	221,7	254,9	33,2	15%
Skuldabréf innlánsstofnana	2.419,3	2.624,3	205,0	8%
Skuldabréf fyrirtækja	744,9	805,8	60,9	8%
Ríkissjóður	19.991,8	22.114,7	2.122,9	11%
Skuldabréf einstaklinga	1.093,9	1.110,8	16,9	2%
Skuldabréf erlend	92,4	94,6	2,2	2%
Sveitarfélög	47,0	53,0	6,0	13%
Bundin innlán			353,9	
Samtals	24.611,0	27.058,1	2.801,0	11,38%

Fylgiskjal 5 - Lífeyrissjóður bankamanna - Hlutfallsdeild - tryggingafræðileg athugun 2011

Skipting skuldbindinga - fjárhæðir í milljónum

Dánarlíkur íslenskar samkvæmt reynslu 2004-2008

Örorkulíkur 60% af íslenskum örorkulíkum m.v. könnun 1998-2002

	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	34.152,4		34.152,4
Endurmat	2.801,0		2.801,0
Fjárf.gjöld	-276,0		-276,0
Núvirði iðgjalda		2.270,7	2.270,7
Samtals eignir	36.677,4	2.270,7	38.948,1

	Lífeyris				Samtals		
	þegar	Óvirkir	Virkir	Ó/V	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	15.769,0	4.662,7	9.564,5	14.227,2	29.996,2	2.393,1	32.389,3
Örorkulífeyrir	622,5	148,1	310,6	458,7	1.081,2	102,1	1.183,3
Makalífeyrir	3.515,7	496,1	1.086,2	1.582,3	5.098,0	251,9	5.349,9
Barnalífeyrir	3,4	21,3	4,7	26,0	29,4	5,7	35,1
Makar, eingreiðsla	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	25,0	25,0
Dánarbætur	75,3	51,8	20,7	72,5	147,8		147,8
Endurgreiðsla iðgjalda		564,1		564,1	564,1		564,1
Vegna 95 ára reglu			790,1	790,1	790,1	226,7	1.016,8
Kostnaður					520,6	72,2	592,8
Samtals skuldbindingar	19.985,9	5.944,1	11.776,8	17.720,9	38.227,4	3.076,7	41.304,1
Eignir umfram skuldbindingar					-1.550,0	-806,0	-2.356,0
Hlutfall					-4,1%	-26,2%	-5,7%

Fylgiskjal 6 - Lífeyrissjóður bankamanna - Hlutfallsdeild - tryggingafræðileg athugun 2011

Skipting skuldbindinga - fjárhæðir í milljónum

Dánarlíkur íslenskar samkvæmt reynslu 2004-2008

Örorkulíkur 100% af íslenskum örorkulíkum m.v. könnun 1998-2002 (staðalforsendur 2011)

	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	34.152,4		34.152,4
Endurmat	2.801,0		2.801,0
Fjárf.gjöld	-276,0		-276,0
Núvirði iðgjalda		2.202,6	2.202,6
Samtals eignir	36.677,4	2.202,6	38.880,0


	Lífeyris				Samtals		
	þegar	Óvirkir	Virkir	Ó/V	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	15.769,0	4.662,7	9.564,5	14.227,2	29.996,2	2.393,1	32.389,3
Örorkulífeyrir	622,5	246,8	517,7	764,5	1.387,0	170,2	1.557,2
Makalífeyrir	3.515,7	496,1	1.086,2	1.582,3	5.098,0	251,9	5.349,9
Barnalífeyrir	3,4	28,4	6,3	34,7	38,1	5,7	43,8
Makar, eingreiðsla	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	25,0	25,0
Dánarbætur	75,3	51,8	20,7	72,5	147,8		147,8
Endurgreiðsla iðgjalda		564,1	0,0	564,1	564,1		564,1
Vegna 95 ára reglu		0,0	790,1	790,1	790,1	226,7	1.016,8
Kostnaður					382,4	52,6	435,0
Samtals skuldbindingar	19.985,9	6.049,9	11.985,5	18.035,4	38.403,7	3.125,2	41.528,9
Eignir umfram skuldbindingar					-1.726,3	-922,6	-2.648,9
Hlutfall					-4,5%	-29,5%	-6,4%

Fylgiskjal 7 - Hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna - tryggingafræðileg athugun 2011

Tryggingafræðileg athugun til framreiknings:
Athugun miðað við lok 2009-12

Framreiknað til loka:				Niðurstaða athugunar							
Ár:	2010 mán	12	Ár	2011 mán	12	Ár	2011 mán	12			
Visitata:		365,5	Visitata:		384,6						
			Lengd tímabils, mán		12						
				918,2	1409,2						
				66,1	101,4						
				143,7	220,5						
			Lífeyrir	2,2	3,4	1.734,6					
			Iðgjöld		318,4	304,3					
Fjárf.gjöld			Meðalvisitata tímabils			374,5					
								Endurmat			
								Miðað við somu réttindareglur og lífslíkur og 2010			
	Ánnið	Framtíð	Heildar		Ánnið	Framtíð	Heildar		Ánnið	Framtíð	Heildar
Eignir	32.323,9		32.323,9	Eignir+endurm	36.986,1		36.986,1	Eignir	34.152,4		34.152,4
Endurmat	3009		3.009,0					Endurmat	2.801,0		2.801,0
Fjárf.gjöld	-210,3		-210,3	Fjárf.gjöld	-221,3		-221,3	Fjárf.gjöld	-276,0		-276,0
Iðgjöld		2.886,3	2.886,3	Iðgjöld		2.758,5	2.758,5	Iðgjöld		2.270,7	2.270,7
Samtals	35.122,6	2.886,3	38.008,9	Samtals	36.764,8	2.758,5	39.523,3	Samtals	36.677,4	2.270,7	38.948,1
	Ánnið	Framtíð	Heildar		Ánnið	Framtíð	Heildar		Ánnið	Framtíð	Heildar
Ellilífeyrir	30.067,1	3.279,2	33.346,3	Ellilífeyrir	31.547,4	3.134,0	34.681,4	Ellilífeyrir	31.350,4	2.619,8	33.970,2
Örorkulífeyrir	1.074,1	143,8	1.217,9	Örorkulífeyrir	1.075,9	137,4	1.213,3	Örorkulífeyrir	1.081,2	102,1	1.183,3
Makalífeyrir	5.070,7	373,9	5.444,6	Makalífeyrir	5.323,3	357,3	5.680,6	Makalífeyrir	5.245,8	276,9	5.522,7
Barnalífeyrir	35,4	6,8	42,2	Barnalífeyrir	35,6	6,5	42,1	Barnalífeyrir	29,4	5,7	35,1
Kostnaður	378,1	69,4	447,5	Kostnaður	403,1	67,8	470,9	Kostnaður	520,6	72,2	592,8
Samtals	36.625,4	3.873,1	40.498,5	Samtals	38.385,3	3.703,0	42.088,3	Samtals	38.227,4	3.076,7	41.304,1
Mismunur	-1.502,8	-986,8	-2.489,6	Mismunur	-1.620,5	-944,5	-2.565,0	Mismunur	-1.550,0	-806,0	-2.356,0
	-4,1%	-25,5%	-6,1%		-4,2%	-25,5%	-6,1%		-4,1%	-26,2%	-5,7%

Lífeyrissjóður bankamanna-Hlutfallsdeild aldursdreifing virkra sjóðfélaga 2011



Lífeyrissjóður bankamanna - Hlutfallsdeild meðal áunnin réttindi virkra sjóðfélaga 2011

